

HB Grandi hf.
Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar
30. júní 2010
í evrum

HB Grandi hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning HB Granda hf. og dótturfélaga þess.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam tap af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1.436 þús. evra, en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlendra dótturfélaga er heildartap samstæðunnar 64 þús. evrur.

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 131.487 þús. evrur samkvæmt efnahagsreikningi.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2010 og rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2010.

Stjórn og forstjóri HB Granda hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2010 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2010.

Stjórn félagsins:

Árni Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Halldór Teitsson

Hjörleifur Jakobsson

Sveinn Gíslason

Forstjóri:

Eggert Benedikt Guðmundsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar HB Granda hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning HB Granda hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2010, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2010 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 24. ágúst 2010.

KPMG hf.

Sæmundur Valdimarsson
Kristrún Helga Ingólfssdóttir

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2010

	Skýr.	2010 1.1.-30.6.	2009 1.1.-30.6.
Seldar vörur		60.399	60.798
Kostnaðarverð seldra vara	(40.995)	(46.531)
Vergur hagnaður		19.404	14.267
Útflutningskostnaður	(3.636)	(4.307)
Annar rekstrarkostnaður	(2.167)	(2.331)
Rekstrarhagnaður		13.601	7.629
Fjáreignatekjur		70	101
Fjármagnsgjöld	(2.450)	(3.126)
Gengismunur	(9.992)	3.306
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(12.372)	281
Áhrif hlutdeildarféлага		1.235	(1.638)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		2.464	6.272
Tekjuskattur	6	(3.900)	(254)
(Tap) hagnaður tímabilsins		<u>(1.436)</u>	<u>6.018</u>
Skipting (taps) hagnaðar:			
Hluthafar móðurfélags	(1.495)	5.845
Hlutdeild minnihluta		59	173
(Tap) hagnaður tímabilsins	(1.436)	6.018
EBITDA		<u>19.044</u>	<u>12.937</u>
Hagnaður á hlut:			
(Grunntap) -hagnaður og þynntur hagnaður á hlut (ISK)	(0,0009)	0,0034

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2010

	2010 1.1.-30.6.	2009 1.1.-30.6.
(Tap) hagnaður tímabilsins	(1.436)	6.018
Rekstrarliðir færðir á eigið fé:		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dóttur- og hlutdeildarféлага	<u>1.372</u>	<u>2.386</u>
(Heildartap) -hagnaður tímabilsins	<u>(64)</u>	<u>8.404</u>
Skipting (heildartaps) -hagnaðar:		
Hluthafar móðurfélags	(146)	8.258
Hlutdeild minnihluta	<u>82</u>	<u>146</u>
(Heildartap) -hagnaður tímabilsins	<u>(64)</u>	<u>8.404</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Efnahagsreikningur 30. júní 2010

	30.6.2010	31.12.2009
Eignir		
Rekstrarfjármunir	97.752	96.342
Óefnislegar eignir	135.532	135.532
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	13.644	11.105
Aðrar fjárfestingar	429	429
Lífærnar eignir	5.114	3.169
Fastafjármunir	<u>252.471</u>	<u>246.577</u>
Birgðir	21.586	11.106
Lífærnar eignir	729	1.449
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímaskröfur	21.060	17.610
Handbært fé	5.165	11.983
Veltufjármunir	<u>48.540</u>	<u>42.148</u>
Eignir samtals	<u><u>301.011</u></u>	<u><u>288.725</u></u>
Eigið fé		
Hlutfé	18.613	18.613
Lögbundinn varasjóður	26.974	26.974
Þýðingarmunur vegna erlendra hlutdeildarféлага	2.206	857
Óráðstafað eigið fé	82.055	84.788
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins	<u>129.848</u>	<u>131.232</u>
Hlutdeild minnihluta	1.639	1.600
Eigið fé samtals	<u>131.487</u>	<u>132.832</u>
Skuldir		
Vaxtaberandi skuldir	124.472	73.915
Tekjuskattsskuldbinding	13.233	7.918
Langtímaskuldir	<u>137.705</u>	<u>81.833</u>
Vaxtaberandi skuldir	17.175	62.386
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	14.644	11.674
Skammtímaskuldir	<u>31.819</u>	<u>74.060</u>
Skuldir samtals	<u>169.524</u>	<u>155.893</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>301.011</u></u>	<u><u>288.725</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

Eiginfjárlit 30. júní 2010

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar munur	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minni- hluta	Eigið fé samals
1. janúar til 30. júní 2010						
Eigið fé 31.12.2009	18.613	26.974	857	84.788	1.600	132.832
Heildarhagnaður tímabilsins			1.349	(1.495)	82	(64)
Greiddur arður 0,12 kr. á hlut				(1.238)	(43)	(1.281)
Eigið fé 30.6.2010	18.613	26.974	2.206	82.055	1.639	131.487
1. janúar til 30. júní 2009						
Eigið fé 1.1.2009	18.613	26.974	5.452	72.924	1.218	125.181
Þýðingarmunur leiðréttur			(6.877)	1.031		(5.846)
Eigið fé eftir leiðréttingu	18.613	26.974	(1.425)	73.955	1.218	119.335
Heildarhagnaður tímabilsins			2.413	5.845	146	8.404
Greiddur arður 0,08 kr. á hlut				(836)		(836)
Eigið fé 30.6.2009	18.613	26.974	988	78.964	1.364	126.903

Skýringar

1. Félagið

HB Grandi hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árhlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árhlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga", og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Félagið er markaðsdrifið útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem gerir út togara og uppsjávarveiðiskip, starfrækir fiskiðjuver, mjöl- og lýsisverksmiðjur og markaðssetur vörur sínar undir eigin merki um heim allan.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árhlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árhlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árhlutareikningur HB Granda hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009.

Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.hbgrandi.is og á vef Kauphallar Íslands; <http://www.nasdaqomxnordic.com/firstnorth>.

Stjórn félagsins staðfesti árhlutareikninginn 24. ágúst 2010.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árhlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2009.

Árhlutareikningurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

Framsetningu á sölu og kostnaðarverði seldra vara hefur verið breytt í rekstrarreikningi. Breytingin hefur ekki áhrif á vergan hagnað né niðurstöður rekstrar. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árhlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Skýringar, frh.:

5. Starfspáttayfirlit

Starfspættir 1.1.-30.6.2010	Botnfiskur	Uppsjávarfiskur	Annað	Jöfnunarfærslur	Samtals
Seldar vörur	45.022	12.669	2.743	(35)	60.399
Kostnaðarverð seldra vara	(31.906)	(7.268)	(1.856)	35	(40.995)
Vergur hagnaður	13.116	5.401	887	0	19.404
Útflutningskostnaður					(3.636)
Annar rekstrarkostnaður					(2.167)
Rekstrarhagnaður					13.601
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld					(12.372)
Áhrif hlutdeildarféлага					1.235
Hagnaður fyrir tekjuskatt					2.464
Tekjuskattur					(3.900)
Tap tímabilsins					(1.436)

Starfspættir 1.1.-30.6.2009

Seldar vörur	45.363	12.279	3.236	(80)	60.798
Kostnaðarverð seldra vara	(32.247)	(11.993)	(2.371)	80	(46.531)
Vergur hagnaður	13.116	286	865	0	14.267
Útflutningskostnaður					(4.307)
Annar rekstrarkostnaður					(2.331)
Rekstrarhagnaður					7.629
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld					281
Áhrif hlutdeildarféлага					(1.638)
Hagnaður fyrir tekjuskatt					6.272
Tekjuskattur					(254)
Hagnaður tímabilsins					6.018

6. Tekjuskattur

	2010	2009
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:		
Frestaðir skattar:		
Uppruni og bakfærsla tímabundinna mismuna	(3.900)	(254)
Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:		
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.464	6.272
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	18,0% (444)	15,0% (941)
Áhrif gengismunar	130,8% (3.224)	(12,0%) 751
Áhrif skatthlutfalla á erlendu skattsvæði	8,0% (197)	1,6% (101)
Aðrir liðir, ófrádráttarbærir	1,4% (35)	(0,6%) 37
	158,3% (3.900)	4,0% (254)

Skattskil félagsins byggja á bókhaldi þess í íslenskum krónum, en árshlutareikningurinn byggir á bókhaldi í evrum. Þetta leiðir til þess að verulegur munur er á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi, einkum vegna gengisbreytinga.

Skýringar, frh.:

7. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:	30.6.2010	31.12.2009
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,53	0,57
Lausafjárhlutfall - kvikir veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,82	0,40
Eiginfjárhlutfall- eigið fé/heildarfjármagn	0,44	0,46

8. Atburðir eftir uppgjörsdag

Úthlutun aflaheimilda í íslenskri fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Ákvörðun sjávarútvegsráðherra um heildaraflamark fyrir fiskveiðiárið 2010 til 2011 gefur ekki tilefni til endurskoðunar mats á virði keyptra aflaheimilda félagsins. Þá hefur við mat á virði aflaheimilda ekki þótt fært að taka tillit til hugsanlegra áhrifa þess, að yfirlýst fyrirætlun ríkisstjórnarinnar um innköllun og endurúthlutun aflaheimilda komi til framkvæmda.

Félagið hefur gert samninga við lánveitendur um framlengingu á lánum sem voru á gjalddaga á árinu 2010. Um er að ræða lán að fjárhæð 35 millj. evra sem framlengjast til 5 ára. Lánin voru einnig færð yfir í evrur og vaxtaálag var hækkað.